


# Bresk nútímalist að Kjarvalsstöðum

Um þessar mundir stendur yfir að Kjarvalsstöðum sýning á verkum 12 breskra listmálara og er hér um að ræða viðamestu sýningu á breskri nútímalist sem haldin hefur verið hér- lendis. Verkin sem unnin eru í olíu eða akryl, með vatnslitum, krít eða blýanti, eru um hundrað talsins. Voru þau valin af Aðalsteini Ingólfssyni, framkvæmdastjóra listráðs Kjarvalsstaða, í Serpentine Gallery, sýningarsal breska listaráð- neytisins í Lundúnum í samráði við Sue Grayson forstöðumann þeirrar stofnunar. Serpentine Gallery hefur lagt sérstaka rækt við að kynna unga lista- menn og eru þeir sem hér sýna allir á aldrinum frá 30-37 ára og tiltölulega nýlega farnir að láta á sér bera með sýningum og annarri starfsemi í heima- landi sínu.

Það sem fyrst vekur undrun þegar inn er komið er stærð myndanna (3x4 m) en margar þeirra þekja veggina í bókstaf- legri merkingu þannig að þær myndir sem telja má í algeng- ustu stærðum (1x1.50) líta út sem frimerki við hliðina á þess- um risamyndum. Hér heima eru þessar stærðir fátíðar, nema um sé að ræða pantaðar myndir sem skreyta eiga opin- berar byggingar. Beggja vegna Atlantsála munu listamenn nú vinna mikið í þessum stærðum

sem um leið gefur til kynna að þeir mála fyrst og fremst fyrir sjálfa sig, en ekki stofur væntanlegra kaupenda. Hvernig þeir síðan framfleyta sér er önnur saga, en tölfmen- ningarnir sem hér sýna eru allir kennarar við breska listaskóla og sitja að því leyti við sama borð og flestir starfsbræður þeirra héraðs með tvöfaldan vinnudag að baki. Næsta undrunarefni er hversu góðir málarar tölfmenningarnir eru og skemmtilega ólíkir inn- byrðis. Flestir hafa þeir kosið sér náttúruna að yrkisefni og hér má sjá náttúrutúlkunir sem sýna allt frá rifrildum úr ferða- bæklingum upp í mjög stílfært og nánast abstrakt landslag, en náttúrutúlkun mun vera dæmi- gerð fyrir breska málaralist í dag.

Geómetriska flatarmálverkið á hér einnig sína talsmenn og má þar nefna verk skotans Colin Cina sem hafa nokkra sérstöðu á sýningunni, þar sem þau eru unnin af mikilli tækni- legri þekkingu og sérstaklega fagaðri listrænni tilfinningu. Hann leggur mikla áherslu á eðli strigans sem flatar og notar myndrúmið ekki sem tómrúm til að fylla upp í heldur sem undirstöðu til að byggja á og sýnir jafnframt fram á að rúmið eða hinir negatívu hlutar myndarinnar eru eins mikil- vægir og geómetrísku eining-



70. Alan Miller: Falling From Grace.

arnar sem svifa um myndflöt- inn.

Skólalábróðir Cina frá Glasgow School of Art, Alex Thomson, málar loftkenndar og ljóðrænar myndir með geómetrísku ívafi í mildum gráum tönum og lætur ljósið brjótast innan frá á víð og dreif út um myndflötinn. Þessi birtuáhrif gefa myndunum næstum yfirnáttúrulegan blæ. Eru þeir skotarnir Cina og Thomson áhugaverðastir þeirra tölfmenninganna en einnig er ástæða til að nefna Paul Hemton sem m.a. sýnir mynd- rööð sem hann nefnir „Marker“ en þar notar hann eins og hann sjálfur segir í sýningarskrá „ákveðið form innan mynd- heildarinnar sem nokkurs konar mælikvarða sem ákveður

og styður annað sem gerist í málverkinu“. Myndum hans verður naumast lýst í orðum, þar ríkir óráðið ástand sem krefst túlkunar hvers og eins. Jennifer Durrant er eini full- trúu kvenkynsins á sýningunni og verðugur fulltrúi þess. Verk hennar eru stór og einföld og búa yfir barnslegri einlægni í grófleika sínum. Hún kallar myndröð sína „Summer“, hreinar og klárar tákmyndir.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessa upptalningu lengri, því sjón er sögu ríkari og vil ég í staðinn hvetja alla listunend- ur til að sjá þessa sýningu og bera saman við þá list sem búin er til á Íslandi í dag og vikka sjóndeildarhringinn órlítið. Um leið vil ég minna á það hve

## Myndlist




Hrafnhildur Schram

mikilvægt það er að slíkar list- kynningar séu gagnkvæmar og að við þurfum einnig að koma okkar list á framfæri erlendis í ríkari mæli en verið hefur fram að þessu.

Sárt er að horfa á eftir þess- um glæsilegu stóru myndum út úr landinu aftur en öll verkin munu vera til sölu á ævintýra- lega lágu verði. Er hér ekki tækifæri fyrir íslensk fyrirtæki og skóla að skreyta hluta af þeim þúsundum fermetra auðra veggja sem þessar bygg- ingar gefa, með gildri mynd- list, jafnvel þó hún sé ekki íslensk að uppruna?

Hrafnhildur Schram



1. Colin Cina: Scarp.

## Takið eftir!

Rýmingarsala á hannyrðavörum.  
Höfum ýmsar tegundir af ódýru garni.

### HOF

Ingólfsstræti 1  
(á móti Gamla bíói)

## Afgreiðslustörf

Óskum eftir að ráða í eftirtalin störf:

1. Vanan afgreiðslumann eða pilt í kjötafgreiðslu.
2. Kjötíðnaðarmann til kjötíðnaðarstarfa og afgreiðslu.
3. Vana afgreiðslutúlku, hálf dagsvinna (eftir hádegi).
4. Helgarstúlku (föstudagsvinna) og í forföllum (tíma- vinna).

Tilboð merkt „Kjötbúð“ sendist blað- inu með upplýsingum um fyrri störf.

## Laugarneshverfi og nágrenni!

Hef opnað skóvinnustofu að

### Hrísateigi 19

(Gengið inn frá Sundlaugavegi)

Skóvinnustofa

Halldórs Guðbjörnssonar

## Sófasett

norsk hönnun, íslensk framleiðsla.

VIKTORIA: glæsilegt og ódýrt sófasett, fánlegt með alls kyns ákæðum

eftir eigin vali. Verð: 219.600.- kr.

AMIGO í betri stofur.

Hærbúberggrind, vandað ákæði eftir vali,

einnig í leðri. Verð: kr. 227.200.- úr klæði

háþaksstóll - 89.600.- úr leðri

- 116.400.- úr leðri

Við veitum 10% staðgreiðslufærslu.




AMIGO



JL húsið

Jón Loftsson hf.  
Hringbraut 121



Sími 10600